

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

26. mars 2019 kl. 8:10

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Árnína Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmann, Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fjarverandi: Þorvar Hafsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara og Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara.

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Umbótaáætlun Vatnsendaskóla

Umbótaáætlun Vatnsendaskóla vegna ytra mats kynnt. Guðrún Soffía fór aðeins yfir hvernig umbótaáætlunin var unnin. Skólinn mun verða með námskeið í leiðsagnarmati með starfsfólki. Sigríður Sigurðardóttir, matsmaður, mun koma í skólann í maí og aðstoða stjórnendur við vinnu vegna framtíðarmarkmiða á innra mati skólans. Skýrsla um ytra mat og umbótaáætlun verður sett á heimasíðu skólans. Umbótaáætlunin er mjög viðamikil og var spurt um hvaða áherslur skólinn myndi vilja vekja athygli á. Guðrún Soffía nefndi að hún myndi vilja vinna meira með viðmið í skólanámskrá sem skólinn setur varðandi námsmat. Nýtt námsmat var kynnt foreldrum á morgunfundum í janúar. Kom fram hjá fulltrúum nemenda að þeir eru ánægðir með þetta námsmat. Umræður voru um námsmatið og upplýsingar til foreldra varðandi námið. Einnig voru umræður um skólanámskrá og uppsetningu hennar og kom fram að hún mætti vera aðgengilegri á heimasíðu skólans. Einnig voru tilkynningar á mentor ræddar.

Allir punktar sem fram komu í ytra mati sem nefndir voru sem tækifæri til umbóta voru teknir út og umbótaáætlun gerð út frá þeim. Stórir póstar varðandi líðan nemenda og starfsmanna komu vel út í ytra matinu. Fram kom hjá fulltrúum foreldra að mikilvægt væri að niðurstöður kannanna t.d. skólapúlsins og samræmdra prófa væru sýnilegar foreldrum. Upplýsingar úr samræmdum könnunum hafa verið birtar hverju foreldri en heildarútkoma skólans hefur ekki verið birt á heimasíðu skólans. Fram kom að matsteymi starfar við skólann og eru fimm aðilar í því úr hópi stjórnenda og kennara. Fulltrúa foreldra og nemenda vantar í teymið.

Áslaug Pálsdóttir lagði fram bókun frá foreldrum, sjá í lok fundargerðar.

2. Skólaþing

Rætt um skipulag vegna skólaþings sem skólinn í samráði við skólaráðið mun halda. Yfirskrift skólaþingsins verður hvernig við gerum góðan skóla betri. Öllum foreldrum verður boðið á skólaþingið. Skólinn mun verða með skólaþing fyrir nemendur í 5.- 9. bekk og rýnihópa fyrir nemendur 1. – 4. bekk. Rætt var um hvaða tími hentar best fyrir foreldra í skólaþingið. Ákveðið að hafa skólaþing fyrir foreldra þann 7. maí 2019 kl. 17:30.

Guðrún Soffía mun senda póst á foreldra og fá hugmyndir um hvaða atriði þeir telji að eigi að ræða á skólaþinginu.

3. Önnur mál

Árnína Kristjánsdóttir vék af fundi áður en önnur mál voru tekin fyrir.

Fyrirspurn varðandi heildarhugmyndir að hönnun skólalóðarinnar. Guðrún Soffía fékk svar frá Friðriki garðyrkjustjóra, þar sem fram kom að ljúka þurfi þessari vinnu sem fyrst en það verður þó ekki á þessu skólaári. Guðrún Soffía mun óska eftir teikningu af skólalóðinni þannig að hún liggi fyrir í maí þegar skólaþing verður.

Fyrirspurn um ástand húsnæðis. Guðrún Soffía upplýsti að í fyrra kom eftirlitsmaður og þá fannst engin mygla. Hættumerki var í smíðastofunni og var það lagað. Rætt um loftgæði. Foreldri fann fyrir myglueinkennum í einni stofu og var þá beðið um skoðun á húsnæðinu sem unnið var af Eflu. Þessi tiltekna stofa var skoðuð og ekki fundust myglueinkenni í henni. Spurt var um hvort bærinn sjái um eftirlit á þessu en Guðrúnu Soffíu er ekki kunnugt um

Hver sæi um það, líklega eignasjóður húseigna Kópavogsbæjar. Fyrirspurn um hvort ekki ætti að kalla eftir úttekt á húsnæðinu. Að loftgæði yrðu mæld sérstaklega. Guðrún Soffía spyrst fyrir um málið hjá Kópavogsbæ.

Fyrirspurn frá fulltrúa nemanda vegna fyrirlesturs frá Sigurði Ragnari. Sá fyrirlestur verður fyrir skólalok fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.

Fundi slitið kl. 9:25

Bókun foreldra í skólaráði:

Fulltrúi foreldra leggur til að matsteymi skólans vinni úr öllum þeim könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn ásamt því að tengja kannanir við námsárangur. Foreldrar óska eftir að upplýsingar sem þessar séu auðfundnar og aðgengilegar á heimasíðu skólans, þ.e. kannanir Skólapúls í heild sinni.

6. – 10. bekkjar nemendakannanir

1. – 5. bekk nemendakannanir

Lesfimi heildarniðurstöður árganga með samanburði við landsmeðaltal og viðmið MMS

Samræmd próf